



Reglur um úthlutun verkefnastyrkja Menningarmálanefndar.

1.gr Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar/mars ár hvert.

2.gr Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem hægt er að nálgast inn á íbúagátt sveitarfélagsins. Henni skulu fylgjast ársreikningar félagasamtaka og/eða kostnaðaráætlun verkefnisins.

3.gr Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið menningarmálanefndar og eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.

4.gr Styrkir vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.

5.gr Menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.

6.gr Menningarmálanefnd áskilur sér rétt til þess að skilgreina áhersluform verkefnanna hvert ár og verður það kynnt sérstaklega þegar auglýst er eftir umsóknum.

Samþykkt í menningarmálanefnd 19.02.2019.

Samþykkt í bæjarstjórn 11. 04. 2019.